

324. fundur Skólanefndar FS

11. desember 2013



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Fanney D. Halldórsdóttir, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheytnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Sveinbjörg Sigurðardóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Rekstraráætlun.
2. Næsta önn.
3. Önnur mál.

1. Rekstraráætlun.

Skólameistari kynnti rekstraráætlun skólans fyrir árið 2014 en búið er að skila henni til ráðuneytis. Lækka þarf rekstrarkostnað um 13 milljónir króna milli ára. Skera þarf niður í kennslu og búnaðarkaup verða áfram í lágmarki. Ekki verður haldið áfram með sérverkefni nema fjárveitingar eða styrkir fáist til þeirra en skólinn hefur fengið nokkra styrki vegna námsskrárvinnu og velferðarverkefna. Efnisgjald verður hækkað og verður þeirri hækkun varið til að endurnýja þráðlaust net í skólahúsnæðinu.

2. Næsta önn.

Skólameistari sagði frá starfinu á vorönn en um 870 hafa sótt um skólavist á önninni. Auk þeirra hafa um 100 sótt um sem ekki stunda nám í skólanum á þessari önn. Ekki er búið að afgreiða um 20 umsóknir og um 20 hefur verið hafnað. Útlit er fyrir að fjöldi nemenda verði 960-980. Áfram verða um 100 grunnskólanemendur sem taka einstaka áfanga. Sigrún E. Jónsdóttir stærðfræði- og viðskiptagreinakennari, Ólöf Hildur Egilsdóttir enskukennari, Guðrún Jóna Magnúsdóttir námsráðgjafi og Brynjólfur Nikulásson húsvörður hætta um áramót. Elín Rut Ólafsdóttir og Jórunn Tómasdóttir hafa fengið leyfi næsta skólaár.

3. Önnur mál.

- a) Útskrift verður laugardaginn 21. desember en þar munu 76 nemendur útskrifast.
- b) Verið er að setja upp tölvur sem voru keyptar fyrir styrk úr skólasjóði. Þær verða settar í kennslustofur en tölvur sem þar voru verða nýttar á göngum.

c) Skólameistari minnti á að skólinn verður 40 ára árið 2016 og skoða þurfi í tíma hvernig hægt er að halda upp á þau tímamót. Hann lagði til að skoðað verði hvort hægt verði að byggja aðstöðu fyrir nemendur í portinu við skólann. Áður hefur verið skoðað að koma þar upp setustofu og var kostnaður þá áætlaður um 70 milljónir.

Fleira ekki gert og fundi slitið.




Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður



Pétur Brynjarsson

Pétur Brynjarsson



Fanney D. Halldórsdóttir



Guðbjörg Kristmundsdóttir

Guðbjörg Kristmundsdóttir




Gunnar Valdimarsson

Gunnar Valdimarsson



Kristján Ásmundsson

Kristján Ásmundsson



Sveinbjörg Sigurðardóttir

Sveinbjörg Sigurðardóttir



Guðmann Kristþórsson, fundarritari

Guðmann Kristþórsson, fundarritari